

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Hjalteyrarvegur 13.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Hjalteyri vegna lóðarinnar Hjalteyrarvegar 13 (L238070). Breytingin felst í að heimilað byggingarmagn á lóðinni eykst úr 150 m² í 194,3 m² í samræmi við nýja hönnun hússins, sem staðsett verður innan skilgreinds byggingarreits samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2024.

Skógarhlíð 43.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Skógarhlíðar 43 (L173473). Breytingin felst í að lóðin stækkar til norðurs í samræmi við erindi lóðarhafa.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. október 2024.

Glæsibær – áfangi 3.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Hagaföt 16 í þriðja áfanga byggðar við Glæsibæ. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits um 4 m til suðurs og 2 m til austurs með það að markmiði að heimila byggingu sambærilegs húss og á öðrum parhúsalóðum götunnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. mars 2025.

Ofangreindar tillögur hafa hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 12. nóvember 2025.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 26. nóvember 2025